



Aðalfundur

Landssambandsstjórnar Delta Kappa Gamma á Íslandi

**Haldinn á Flughóteli í Reykjanesbæ
8. maí 2011, kl. 9:00.**

Setning fundar:

Ingibjörg Jónasdóttir forseti landssambands DKG setti fundinn og Guðný Helgadóttir lögsögumaður kveikti á kertum vináttunnar, trúmennskunnar og hjálpseminnar.

Orð til umhugsunar:

Ragnheiður Stefánsdóttir, fyrrverandi forseti landssambandsins, var með orð til umhugsunar. Sagði hún m.a. frá því þegar hún var beðin um að ganga í samtökin og hvað það hefði gefið sér mörg tækifæri þegar hún var landssambandsforseti. Hún hefði þurft að henda sér út í djúpu laugina, en sagði að það hefði verið þess virði. Hún hvatti DKG systur til að bjóða sig fram til embætta bæði hjá landssambandinu og alþjóðasambandinu.

Látinna félaga minnst:

Minningarorð flutti Ingibjörg Einarsdóttir formaður Félaga- og útbreiðslunefndar og til aðstoðar var Steinunn Guðmundsdóttir 2. varaforseti.

Sunnangola hlý og hrein
höfgu vagnar blómi.
Bekkur talar tær við stein
tryggum vinarrómi.

Yfir lága ásafjöld
ómar lóukliður.
Upp til heiða hafa völd
hátign, ró og friður.

Bak við hljóða heiðarbrún
háleit fjöllin mæna;
aftangull og geislarún
glóir um skalla væna.

Allt er blítt og hlýtt og hljótt,
höfgi á hverjum meiði.

Sólbjört, kyrrlát sumarnótt
svæfði dal og heiði.

Í þessu ljóði Huldu sem heitir Heiðarfríður finnum við fyrir vináttu og friði sem mér finnst við hæfi þegar við minnumst nú látinna félaga okkar í Delta Kappa Gamma. Það er við slík tímamót sem minningarnar leita á hugann og þær geta verið góðar og gefandi og yljað manni þegar sorgin knýr dyra. Þær konur sem við minnumst eru :

Eygló Eyjólfsdóttir, sem var félagi í Gammadeild frá 1992, María Kjeld, sem var líka félagi í Gammadeild en frá 1981, Rut Guðmundsdóttir, félagi í Epsilondeild frá 1989 og því stofnfélagi í þeirri deild og Heiðrún Sverrisdóttir, stofnfélagi í Kappadeild 2007.

Allar þessar félagskonur voru góðir fulltrúar samtakanna, þær voru leiðtogar, höfðu allar stýrt skólastofnunum á ýmsum stigum, veitt ráðgjöf og voru stöðugt að bæta við sig í menntun og ávallt reiðubúnað að styðja við og hlúa að vaxandi kynslóðum.

Þær Eygló, María og Rut gegndu trúnaðarstörfum í samtökunum og höfðu allar verið formenn sinna deilda og stýrt þeim af dugnaði en ljúfmennsku.

Allar þessar fjórar systur voru trúar markmiðum samtakanna og alls staðar létu þær gott af sér leiða í starfi og leik. Við minnumst þeirra sem einstaklega gefandi og kraftmikilla kvenna, við erum stoltar af því að hafa verið í sama félagi og þær og fengið að njóta samvista við þær í starfinu.

Við kveikjum á einu sameignlegu kerti í þeirra minningu og setjum rósina hvítu meðal þeirra rauðu sem eru tákn samtakanna og allar höfðu þær til að bera andríki og orku sem við nutum sem vinkonur þeirra.

Að lokum las Ingibjörg Einarsdóttir ljóðið hennar Huldu

Í fjarlægum skógi.

Í fjarlægum, fögrum skógi
ég friðsælt rjóður veit,
þar skjálfa geislar í grasi,
þar ganga hindir á beit.

Á bak við blávötn og akra
rís borgin með þys og ljós,
en skóggýðjan felur í faðmi
friðarins hvítu rós.

Þar líður tíminn og líður
sem laufelskur, mildur blær.
Og yfir nöfnunum okkar
á eikinni börkur grær.

Venjuleg aðalfundarstörf:

1. **Kosning fundarstjóra**, stungið upp á Guðrúnu Hrefnu Guðmundsdóttur og hún samþykkt af fundarmönnum.
2. **Kosning fundarritara**. Stungið upp á Helgu Thorlacius og Gunnlaugu Friðriksdóttur, og þær samþykktar af fundarmönnum.
3. **Skýrsla stjórnar**. Ingibjörg Jónasdóttir Landssambandsforseti lagði fram skýrslu stjórnar. Vildi hún bæta inn í hana að það mætti ræða það hvort tilnefna ætti fjölmiðlafulltrúa, en því var vísað til nýrrar stjórnar. Nokkrar umræður spunnust um skýrslu stjórnar, m.a. almenn ánægja með góða þátttöku í alþjóðanefndum og Sjöfn Sigurbjörnsdóttir þakkaði landssambandsforseta fyrir vel unnin störf. Skýrslan var samþykkt. *Sjá fylgiskjal 1.*
4. **Reikningar lagðir fram**: Guðbjörg Sveinsdóttir gjaldkeri fór yfir reikninga landssambandsins frá mars 2009-mars 2011. Fram kom í máli Guðbjargar að liðurinn prentun er aðallega kostnaður vegna fréttablaðsins. Vörukaup eru t.d. nælur, kertastjakar, innritunarskjöl, kynningarbæklingar og ýmislegt sem er keypt frá erlendu samtökunum. Liðurinn gjafir er aðallega kostnaður vegna erlendra gesta og ýmis kostnaður tilheyrir vorþingi landssambandsins. Kostnaður var greiddur fyrir 15 þátttakendur á leiðtoganámskeiðið sem haldið var í vetur. Á báða þessa atburði komu þátttökugjöld á móti sem dekkjuðu útlagðan kostnað. Nokkrir styrkir voru veittir til kvenna sem voru með vinnustofur eða erindi á þingum. Virkar konur í samtökunum eru 264, 5 eru í leyfi, og 269 konur hafa greitt til alþjóðasamtakanna. Samtökin eiga kr. 1.752.305 og afgangur var af árinu kr. 76.108. Reikningar voru samþykktir samhljóða. *Sjá fylgiskjal 2.*

Þá kom fyrirspurn um tekjur og kom fram í svari gjaldkera að einu tekjurnar væru félagsgjöldin og svo styrkur frá alþjóðasambandinu.

Í umræðum spurði Sigríður Jónsdóttir hvort konur í dreifbýlinu hefðu fengið ferðastyrk eins og einu sinni hefði verið talað um. Helga Thorlacius sagði að hún héldi að til væri samþykkt um að styrkja konur til að koma á aðalfund. Konur eru styrktar á framkvæmdaráðsþing. Ingibjörg Einarsdóttir sagði gott fyrir deildir að eiga smá varasjóð til að geta styrkt konur á Landssambandsþing eða á Evrópuþing. Fram kom að bæði Beta-deild og Delta-deild styrkja sínar konur á landssambandsþing.
5. **Árgjald ákveðið**: Stjórn landssambandsins leggur til að árgjald verði hækkað úr 7.500 í 8.000 krónur. Hækkunin samþykkt samhljóða.
6. **Fjárhagsáætlun lögð fram**: Í forsendum fjárhagsáætlunar er gert ráð fyrir fjölgun félagsmanna, árgjöldin hækka lítillega (sbr. ofangreint) og þar af leiðandi gæti skapast svigrúm til að taka þátt í ferðakostnaði og/eða veita fleiri styrki, t.d. fyrir þær sem fara með málstofu á Evrópuþingin. *Sjá fylgiskjal 3.*
7. **Skýrslur deilda og nefnda**

Skýrslur deilda voru ekki kynntar – vísað í bækling og á heimasíðu DKG.
8. **Skýrslur nefnda**:

- a. **Uppstillingarnefnd:** Steinunn Aðalsteinsdóttir gerði grein fyrir störfum nefndarinnar, en með henni í nefndinni voru Halldóra Baldursdóttir og Helga Guðmundsdóttir, allar úr Zeta-deild. Hún sagði ekki hafa komið neinar formlegar tillögur um formannsembættið. Hún taldi að ekki væri gott að allar konurnar í nefndinni væru úr sömu deild. *Sjá fylgiskjal 4.*
- b. **Félaga- og útbreiðslunefnd:** Ingibjörg Einarsdóttir kynnti starf félaga- og útbreiðslunefndar, en með henni í nefndinni voru Guðrún Edda Bentsdóttir og Hrönn Bergþórsdóttir. Helsta verkefni nefndarinnar hefur verið stofnun tveggja nýrra deilda og gerði Ingibjörg stuttlega grein fyrir aðdraganda þess og undirbúningsvinnunni sem liggur að baki. Þann 28. október 2010 var Lambda-deild stofnuð í Reykjavík með 24 stofnfélögum (formaður Iðunn Antonsdóttir) og 26. apríl var Mý-deild stofnuð á Norðurlandi með 28 stofnfélögum (formaður Jenný Gunnbjörnsdóttir). Ingibjörg ræddi einnig nauðsyn þess að eiga prentað efni til kynningar á samtökunum og að félagatalið væri reglulega gefið út. Hún vildi líka hvetja félagskonur til virkni í störfum DKG og góðrar mætingar á fundi. *Sjá fylgiskjal 5.*
- c. **Laganefnd:** Auður Torfadóttir gerði grein fyrir störfum laganefndar, en með henni í nefndinni voru Gerður Guðmundsdóttir og Sjöfn Sigurbjörnsdóttir. Starf laganefndar hefur undanfarið falist í því að uppfæra lög landssamtakanna til samræmis við lög alþjóðasamtaka DKG. Til þess hefur nefndin stuðst við gátlista frá alþjóðasamtökunum. Nefndin hefur þó einfaldað stjórnkerfi deilda hér á landi því við erum með mun fámennari deildir en víða annars staðar (t.d. í Bandaríkjunum). Það bíður næstu laganefndar að gera nákvæma reglugerð. *Sjá fylgiskjal 6.*
- d. **Námstyrkjanefnd:** Steinunn Guðmundsdóttir (í fjarveru Ingu Úlfsdóttur) sagði frá starfi námsstyrkjanefndar. Auk Ingu voru í nefndinni Guðrún Sigríks Sigurðardóttir og Ingibjörg Þorgerður Þorleifsdóttir. Sex umsóknir bárust um námsstyrk og var tveimur konum úthlutað styrk, þeim Þorgerði Sigurðardóttur í Beta-deild og Guðbjörgu M. Sveinsdóttur í Þeta-deild. Steinunn taldi fara best á því að nefndarmenn væru hér eftir ekki allir úr sömu deildinni (eins og verið hefur síðustu tvö ár). *Sjá fylgiskjal 7.* Ingibjörg Einarsdóttir vildi koma því á framfæri að líka væri gott að einhver ein úr nefndinni hefði umsjón með að kynna erlendu styrkina sem eru í boði á vegum alþjóðasamtakanna. Sú kona hefði þá góða yfirsýn yfir umsóknarferlið og gæti jafnvel leiðbeint með það. Pálína Jónsdóttir kom með fyrirspurn um hvort ekki væri til ákveðið form sem hægt væri að nota til að sækja um styrkina. Því var svarað játandi.
- e. **Menntamálanefnd:** Ingibjörg Jónasdóttir flutti punkta í fjarveru Sigríðar Johnsen. Auk Sigríðar eru í nefndinni Kristín Jónsdóttir og Ósa Knútsdóttir. Starf nefndarinnar er mikilvægt, en hún kemur með tillögu að efni þinga. Sigríður telur æskilegt að skipa í nefndina nýju og fersku fólki hverju sinni. *Sjá fylgiskjal 8.*

- f. **Útgáfu- og kynningarnefnd:** Jónína Eiríksdóttir flutti stytta útgáfu af skýrslunni, en sagði ítarlegri skýrslu verða til staðar fyrir næstu nefnd. Fram hefur komið sú hugmynd að umsjón með heimasíðu DKG falli undir verksvið útgáfu- og kynningarnefndar, en það er enn á umræðustigi. *Sjá fylgiskjal 9.*

9. Skýrslur erlendra nefnda:

- a. **Leadership Committee:** Sjöfn Sigurbjörnsdóttir sagði okkur frá þriggja daga vinnufundi í Texas þar sem meginverkefni nefndarinnar var að útbúa leiðbeiningar fyrir nýja forseta samtakanna.
- b. **Membership Committee:** Hertha W. Jónsdóttir gerði grein fyrir störfum nefndarinnar. Í henni starfa fimm fulltrúar, einn frá hverju heimssvæði, og mikill tími fer í að undirbúa svæðapíngin. Unnið var samkvæmt einkunnarorðunum “Pride in the big picture”. Meginverkefnið var að höfða til kvenna sem hafa einhverra hluta vegna dottið út úr starfi samtakanna og fá þær aftur til starfa. Pálína Jónsdóttir spurði hver væri stefna nefndarinnar um útbreiðslu og hvaða lönd eða heimssvæði væru þá efst á blaði? Hertha svaraði því til að sérstök útbreiðslunefnd, „Expansion Committee“, hefði umsjón með því starfi en “Membership Committee” hefur séð um fræðslu fyrir svæðin fimm. Carolyn Rants sagði að sennilega yrði Japan næst á dagskrá.
- c. **Educational Excellence Committee:** Sigríður Ragnarsdóttir skýrði frá starfi nefndarinnar en hún heldur utan um fjölbreytt verkefni sem samtökin styrkja, s.s. samstarf við Sameinuðu þjóðirnar og stuðningur við skóla í Afríku.
- d. **Editorial Board:** Sigrún Klara Hannesdóttir greindi frá starfi sínu í nefndinni, en DKG-konur geta sótt um að starfa í henni og þá til fjögurra ára í senn. Nefndin hefur umsjón með útgáfu á tímaritinu „The Delta Kappa Gamma Bulletin - International Journal for Professional Educators“ sem nú á að vera ritrynt og eru félagskonur hvattar til að senda inn greinar. Hægt er að senda inn stærri rannsóknargreinar (upp undir 5000 orð), en ef þær eru lengri eru þær birtar í fullri lengd á vef samtakanna. Mikið er sent inn af ljóðum og fram hefur komið sú hugmynd að birta þau ekki á prenti heldur safna þeim í gagnabanka á vefnum. Fram kom að meirihluti greinanna kæmi frá félagskonum í Bandaríkjunum.
- e. **Educators Award:** Ingibjörg Jónasdóttir gerði grein fyrir störfum nefndarinnar í fjarveru Jóhönnu Einarsdóttur. Hlutverk “Educators Award” er að velja rit sem fær viðurkenningu á alþjóðapínginu árið 2012 og eru nefndarkonur að fara í gegnum fjölda bóka sem koma til greina. Hún sagði Jóhönnu hafa haft mjög gaman af að lesa allar bækurnar og hafi m.a. fundið efni til að nota í sinni kennslu. Ingibjörg vill leiðrétta þetta og bæta við upplýsingum um að nefndin velur bók á hverju ári og var bókin *Degrees of Inequality, Culture, Class, and Gender in American Higher Education eftir Ann L. Mullen*, valin. Mun þetta verða kynnt á Evrópupínginu og set á vef okkar til upplýsinga.

- 10. Kosning forseta landssambands:** Uppstillingarnefnd tilnefnir Sigríði Rögnu Sigurðardóttur úr Alfa-deild sem forsetaefni samtakanna til næstu tveggja ára. Steinunn Aðalsteinsdóttir kynnti Sigríði Rögnu og sagði frá lífshlaupi hennar og störfum. Sigríður Ragna Sigurðardóttur var borin upp til atkvæða og kosin forseti DKG með öllum greiddum atkvæðum
- 11. Kosning annarra stjórnarmanna landssambands:** Aðrir stjórnarmenn landssambandsins voru kjörnir:
- Brynhildur Anna Ragnarsdóttir í Etadeild 1.varaforseti
- Steinunn Ármannsdóttir í Alfadeild 2. varaforseti
- Stefanía Arnórsdóttir í Gammadeild ritari
- Helga Guðmundsdóttir í Zetadeild meðstjórmandi
- 12. Kosning í fjárlaganefnd og uppstillingarnefnd:** Í uppstillingarnefnd voru kosnar Ingibjörg Einarsdóttir í Gammadeild, Ingibjörg Auðunsdóttir í Betadeild og Margrét Schram í Alfadeild
- 13. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga:** Kosnar voru Sigríður Johnsen í Kappadeild og Margrét Sigurðardóttir í Alfadeild
- 14. Lagabreytingar:** Auður Torfadóttir sagði nefndina ekki hafa haft tíma til að fara í gagngerar breytingar á reglugerðinni. Hún lagði fram tillögu: Laganefnd fer þess á leit við landssambandsþing að reglugerðin eins og hún lítur út í dag verði samþykkt til bráðabirgða og endurskoðuð reglugerð verði lögð fyrir landssambandsþing 2013. Þetta var samþykkt. Markmiðsgrein nr. 5 (eða B-liður) verður leiðrétt á vefnum (á að standa “utan samtakanna” en ekki “í öðrum löndum”)
- 15. Önnur mál:** Mikið var rætt um mætingar og virkni í starfi DKG. Hvernig á að taka á því þegar konur mæta ekki á fundi og/eða borga ekki félagsgjöld? Það kom fram að ef félagsgjöld eru ekki greidd þá á að ræða við konurnar og gera þeim grein fyrir að þær þurfi að segja sig skriflega úr samtökunum ef þær ætla ekki að vera með, en það hefur verið misjafnt eftir deildum hvernig tekið er á málum. Stundum eru konur uppteknar um tíma vegna ákveðinna verkefna, eða álags á einhverju skeiði lífsins, og eiga þess vegna ekki gott með að mæta á meðan. Þetta líður oftast hjá og þá geta þær orðið virkar í starfinu aftur þó þær hafi hætt tímabundið. Það er rétt að taka tillit til svona aðstæðna. En það má líka hvetja þær til þátttöku með því að hafa samband við þær og fela þeim eitthvað ákveðið hlutverk á komandi fundi (gæti verið “Orð til umhugsunar” eða annað sem konur skiptast á um að hafa umsjón með). Dagskrá funda þarf líka að vera áhugaverð. Metnaður í efnisvali á fundum skilar sér tvímælalaust í betri mætingu. Landssambandsstjórn hefur stutt deildir í því markmiði, m.a. með að deildir geri áætlun og hafi þema í vetrarstarfinu.
- 16. Nýr landssambandsforseti tekur til máls:** Sigríður Ragna Sigurðardóttir nýr landssambandsforseti ávarpaði þingið og þakkaði traustið sem henni væri sýnt. Hún bað konur að rísa úr sætum og klappa fyrir fráfarandi forseta og þakkaði henni frábært starf. Sigríður sagðist í sínu formannsstarfi ætla að halda áfram að styrkja félagskonur og starf í

deildum. Hún hvatti konur jafnframt til að fylgjast með öllu efni sem birt er á heimasíðunni okkar og einnig síðu alþjóðasamtakanna.

Fundi var formlega slitið kl. 11:40.

Að loknum fundi tók Ingibjörg Jónasdóttir aftur til máls. Hún þakkaði stjórnarkonum fyrir gott samstarf og afhenti þeim „Eilífðarrós“ að gjöf. Félagskonum í Þeta-deild þakkaði hún fyrir góðan undirbúning og frábært landssambandsþing. Hún lauk máli sínu með því að minna á markmið samtakanna og óskaði nýrri stjórn velfarnaðar í starfi.

Ingibjörg Auðunsdóttir

Helga Thorlacius

Gunnlaug E. Friðriksdóttir